

Nr. 073 / 12 Dalakollur SU 6***Eldur í eldavél***

Skipaskr.nr. 6473
Smíðaður: Reykjavík 1983, plast
Stærð: 5,3 brl. 5,2 bt.
Mesta lengd: 7,89 m Skráð lengd: 7,82 m
Breidd: 2,75 m Dýpt: 1,3 m
Vél: Bukh 26 kW, 1983
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Dalakollur ©Þorgeir Baldursson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. júlí 2012 var Dalakollur á útleið frá Breiðdalsvík á miðin SA af Papey. Veður: Logn

Þegar báturinn var að nálgast miðin varð skipstjórinn var við hvell frá eldavélinni (SOLO) og vistaverur fylltust af reyk. Eldur reyndist vera í og undir eldhólfi eldavélarinnar því olía hafði lekið úr olúbollanum niður í botn hennar. Skipstjóri skrúfaði fyrir olíuna að eldavélinni og lét strandstöð vita um aðstæður. Hann tróð tuskum niður í botninn, þurrkaði upp brennandi olíuna og bleytti tuskuna á milli í vatnspotti. Með þessu móti náði hann að þurrka upp nægilega mikið af olíunni svo hún náði ekki að renna logandi út á gólf og brann því upp inn í vélinni.

Við rannsókn kom fram:

- að á útleiðinni hafði skipstjórinn hækkað á eldavélinni en fannst hún ekki hita nóg svo hann losaði betur um lokið á áfyllistút á olíutanka (sem var úti) hennar til að auka olíurenslið. Hann gleymdi síðan að lækka aftur innstreymið á vélinni sjálfri og þess vegna fór of mikil olía inn á hana;
- að eldavélin var mjög heit og mikill reykur var í rýminu þegar skipstjórinn vann við hreinsunina á olíunni;
- að eldavélin var vel einangruð með ryðfríu stáli og steinull frá þiljum bátsins. Eldavélin var ný tekin í gegn og skemmdist ekki við þetta;
- að fram kom hjá skipstjóra að hann væri hissa á því hversu lítil hlustun væri á VHF 16 hjá bátum á svæðinu.

Nefndarálit:

Orsök eldsins var sú að of mikil olía fór inn á eldavélina.